

Öll börn eiga rétt á að ganga í skóla sem mætir þörfum þeirra og þroska, þar sem þau fá að nýta sína styrkleika til náms og leiks.

Arnarskóli verður sjálfstætt rekinn skóli ætlaður fötluðum börnum, sem skapar dýrmæt tækifæri til sérhæfingar. Arnarskóli kemur til með að deila húsnæði með almennum grunnskóla. Í samstarfi við þann skóla býðst uppá einstakt tækifæri náms í skóla án aðgreiningar, sem er nemendum beggja skóla til hagsbóta.

Markhópur skólans eru nemendur sem fötlunar sinnar vegna geta ekki tekið þátt í námi án mikils stuðnings. Fyrst og fremst eru það nemendur með einhverfu, þroskahömlun og aðrar fötlunargreiningar. Teymi á vegum skólans metur hverja umsókn fyrir sig, með það í huga hvort hægt sé að mæta þörfum nemandans í skólanum.

Sérstaða Arnarskóla felst í heildstæðri og samfelldri þjónustu allan ársins hring. Í því felst að starf skóla, frístundar og sumardagvistar er fléttað saman. Þannig getur sama teymið unnið með barnið allan daginn (frá kl. 8-17), allan ársins hring og stuðlað þannig að nauðsynlegri samfellu sem eykur líkur á árangri og betri líðan. Með heildstæðri þjónustu verður meira rými fyrir sveigjanleika og þannig má koma betur til móts við ólíkar þarfir í einstaklingsmiðuðu námi, s.s. hvenær dagsins unnið er að tilteknum markmiðum nemandans. Í heildstæðri þjónustu felst einnig að sú þjónusta sem barnið þarf frá ólíkum sérfræðingum, s.s. talmeinafræðingum, sjúkráþjálfurum og iðjupjálfum, verður veitt í skólanum svo ekki þurfi að rjúfa skóladag barnsins til þess að fara með það annað til þess að fá þessa þjónustu.

Kennt verður eftir aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar. Í leikskólum geta foreldrar kosið atferlisíhlutun fyrir börnin þeirra en ekki er boðið uppá slíkt val í grunnskólum. Fjöldi rannsókna hafa sýnt frammá mikin árangur atferlisíhlutunar í að auka sjálfstæði og færni nemenda. Hagnýt atferlisgreining byggir á einstaklingsmiðuðu námi sem sniðið er að þörfum og styrkleikum hvers nemanda. Í náminu verður lögð áhersla á sjálfstæði, tjáskipti og félagsfærni auk bóklegs náms.

Til þess að tryggja gæði þjónustunnar verður lögð áhersla á að hlutfall ráðgjafa og barna verði í góðu jafnvægi svo hvert barn fái þá þjónustu sem það þarf á að halda.

Arnarskóli verður sjálfseignarstofnun (non-profit) þannig að öll eignarmyndun rennur inn í rekstur skólans svo tryggja megi gæði og framfarir í starfinu.